



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

22. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í fundarsal Sveitarstjórnar að Borg þann 11. júní 2024 klukkan 08:00

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Steinar Sigurjónsson starfsmaður Áhaldahúss

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. 17. Júní 2024

Nefndin fundaði með Steinari Sigurjónssyni til að fara yfir aðkomu Vinnuskólans og Áhaldahússins að vinnu við hátíðarhöldin á 17. júní. Starfsmenn Áhaldahússins sjá um að sækja og skila hoppukastalanum og poppvélinni. Einnig útvega þeir borð og bekki til að hafa á torginu. Ungmenni úr vinnuskólanum koma til með að vinna við gæslu og undirbúning hátíðarhaldanna.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 09:00